

Mál nr. 120/2025**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)****Skaðabótaábyrgð. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 24. mars 2025, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 14. apríl 2025 ásamt fylgiskjöllum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags 29. apríl 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 31. júlí 2024 hafi M orðið fyrir vinnuslysi er hann var að störfum fyrir fyrirtækið Y, en hann er jafnframt eigandi þess. Var M að mála þakkant, er vindhviða skall á vinnupalli sem hann stóð á þannig að pallurinn þeyttist frá húsinu. Féll M þá af pallinum og fékk hann yfir sig með þeim afleiðingum að hann hlaut nokkurt líkamstjón. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu X, sem leigði Y vinnupallinn, þar sem pallurinn hafi verið vanbúinn og engar leiðbeiningar hafi fylgt honum við leiguna. Pallurinn hafi þannig ekki verið búinn veggfestingum, stuðningsstoðum eða öðrum búnaði sem væri til þess fallinn að tryggja stöðugleika hans, svo sem skylt hafi verið samkvæmt nánar tilgreindum ákvæðum reglugerðar um röraverkpalla nr. 729/2018. Hafi X borið að láta festingar fylgja pallinum, enda hafi hámarkshæð hans verið meiri en heimilt sé án festinga af einhverju tagi. Þegar M tók pallinn á leigu hafi honum ekki verið boðið að leigja stuðningsstoðir eða festingar með pallinum. Þegar M skilaði pallinum hafi starfsmaður X tjáð M að pallurinn hefði þurft að vera búinn höldum eða stuðningshlífum og hafi hann með því viðurkennt vanbúnað pallsins. Vísar M þá einnig til 29. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum framangreindu til stuðnings. X stundi útleigu vinnupalla í atvinnuskyni og verði að gera strangar kröfur til vandaðra vinnubragða þess enda eigi leigutakar að geta treyst því að vinnupallar sem þeir leigi af X séu öruggir í notkun og uppfylli kröfur laga og reglugerða. Hefði vinnupallurinn uppfyllt þær kröfur hefði hann verið mun stöðugri og þar af leiðandi ekki oltið um koll með fyrrgreindum afleiðingum. Er jafnframt byggt á því að engar leiðbeiningar hafi fylgt vinnupallinum, svo sem skylt sé samkvæmt 2. mgr. 29. gr. laga nr. 46/1980. Slíkar leiðbeiningar hafi verið nauðsynlegar til að tryggja rétta meðferð pallsins og öryggi notenda hans. Ætla megi að þær hefðu m.a. fjallað um mikilvægi þess að festa pallinn við vegg eða koma fyrir öðrum öryggisbúnaði og hefðu þá gefið M tilefni til að grípa til aðgerða eða jafnvel taka ákvörðun um að nota ekki pallinn. Séu því bein orsakatengsl milli þeirrar vanrækslu X og slyss M. Á grundvelli alls framangreinds sé sýnt að slys M verði rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X og starfsfólks þess og því sé bótaskylda úr ábyrgðartryggingu þess til staðar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V hafi hafnað bótaskyldu vegna slyssins þar sem ekki væri sýnt að X eða starfsfólk þess hefðu sýnt af sér háttsemi sem leitt hefði til slyssins. Samkvæmt X sé pallurinn sem um ræði leigður út í einingum og sjái leigutakar sjálfir um að setja hann saman og stilla honum upp. Hægt sé að leigja álstoðir og sérstakar stuðningsstoðir og séu þær almennt boðnar til leigu, sér í lagi þegar fram komi að til standi að vinna í tiltekinni hæð. Liggi ekki annað fyrir en að svo hafi verið gert í þessu tilviki og að M hafi haft fullt tækifæri til að leigja slíkan búnað. Hafi það verið á ábyrgð M að óska eftir stuðningsstoðum hafi hann talið að aðstæður gerðu kröfu um það. Þá vísar V til leiguskiðmála X, sem aðgengilegir séu á heimasíðu þess, en þar komi bæði fram að leigutaka beri að kynna sér ástand búnaðarins svo og að honum beri að kynna sér rétta notkun og meðferð þess búnaðar sem tekinn er á leigu. Í leiguskiðmálum X sé þá vísað til reglugerðar um notkun tækja og reglugerðar um röraverkpalla auk laga nr. 46/1980. Sé það því á ábyrgð leigutaka að sýna aðgæslu við meðferð leigðs búnaðar og að tryggja að notkun hans sé í samræmi við lög og reglur. Hafi vinnupallurinn verið í fullu samræmi við ákvæði laga nr. 46/1980 og ekkert í gögnum málsins beri með sér að hann hafi verið vanbúinn á einhvern hátt. M hafi þá tvívegis áður tekið sama pall á leigu og ætti hann því að hafa kynnt sér eiginleika hans og útbúnað. Verði að gera þá kröfu til fyrirtækja sem sérhæfi sig í iðnaðarstörfum að þau sýni ábyrgð við notkun búnaðar og gæti þess að hann sé ekki notaður við hættulegar aðstæður. Hafi veður á slyssdegi þá verið með þeim hætti að vinna á vinnupalli var verulega varasöm. Það sé á ábyrgð vinnuveitanda að tryggja að vinna geti farið fram með öruggum hætti og þeirri

ábyrgð verði ekki varpað á leigusala búnaðar. Hvað varði skort á leiðbeiningum þá hafi vinnupallar sem þessir verið notaðir um árabil og ættu flestir iðnaðarmenn að vera kunnugir réttri uppsetningu þeirra. Þá séu ítarlegar leiðbeiningar um notkun röraverkpalla aðgengilegar á heimasíðu Vinnueftirlitsins. Ekki sé hægt að byggja á því að starfsfólk X hafi ekki veitt fullnægjandi leiðbeiningar, enda séu greinargóðar leiðbeiningar í leiguskiðmálum og í reglugerð um röraverkpalla. Þá verði að gera þá kröfu til leigutaka að þeir beiti almennt skynsemi við uppsetningu vinnupalla og gæti þess að stöðugleiki þeirra sé tryggður. Samkvæmt framansögðu hafi með engu móti verið sýnt fram á að slys M hafi orsakast af saknæmri og ólögmætri hátt sem X eða starfsfólks þess.

Í viðbótarathugasemddum M er því hafnað að leiguskiðmálar X hafi nokkurt vægi við úrlausn málsins enda byggja krafa M á því að X hafi vanrækt þá lögbundnu og ófrávikjanlegu skyldu sem leiði af 29. gr. laga nr. 46/1980 um að þeim sem leigir út tæki og búnað til notkunar á vinnustöðum beri að tryggja að búnaðurinn standist kröfur laga og reglugerða og að viðeigandi leiðbeiningar séu veittar um notkun hans. Þess utan hafi Y ekki verið bundið af umræddum leiguskiðmálum enda hafi því ekki verið kunnugt um þá við samningsgerð. Fulltrúi Y hafi þá ekki undirritað skilmálana við samningsgerð þrátt fyrir að beinlínis sé gert ráð fyrir því í skilmálunum. Ekki sé heldur vísað til umræddra skilmála í reikningi vegna viðskiptanna né í leigusamningi vegna fyrri viðskipta aðila. M og öðrum starfsmönnum Y hafi þá verið ómögulegt að kynna sér rétta notkun og meðferð vinnupallsins þar sem engar leiðbeiningar hafi fylgt honum við leiguna. Við leiguna hafi M tjáð starfsmanni X hve háan vinnupall hann vildi taka á leigu. Hafi hann á engum tímapunkti verið upplýstur um að nauðsynlegar stoðir og/eða festingar fylgdu ekki og að leigja þyrfti þær sérstaklega. Þá er því hafnað að veðuraðstæður á slysdegi hafi ekki hentað til verksins. Sú staðreynd að mesta vindhviði í Reykjavík þennan dag hafi mælst 21,5 metrar á sekúndu segi ekkert til um aðstæður á vettvangi þegar slysið varð. Er jafnframt bent á það að hefði hæð pallsins verið til samræmis við áskilnað reglugerðar um röraverkpalla eða hann búinn einhvers konar stuðningi hefði ekki komið til slyssins. Það sé ekki skilyrði bótaskyldu að hin bótaskylda háttsemi sé meginorsök tjóns heldur nægi að hún sé meðorsök þess. Er þá áréttað að á X hafi hvílt lögbundin skylda til að láta nauðsynlegar og auðskildar leiðbeiningar fylgja með útleigðum búnaði. Hvorki leiguskiðmálar X né reglugerð um röraverkpalla, sem þess utan hafi ekki verið afhent, hafi að geyma leiðbeiningar sem uppfylli framangreindan áskilnað.

Álit:

Samkvæmt 2., sbr. 1. og 3. mgr., 29. gr. laga nr. 46/1980 skal sá sem m.a. leigir út búnað sem ætlaður er til notkunar við atvinnurekstur láta nauðsynlegar og auðskildar leiðbeiningar á íslensku um t.d. uppsetningu og frágang fylgja með þegar umræddur búnaður er afhentur. Af framangreindu má telja ljóst að X bar að láta leiðbeiningar fylgja með pallinum er hann var afhentur Y. Vísan til reglugerðar um röraverkpalla í leiguskiðmálum telst ekki uppfylla framangreindan áskilnað, enda felur reglugerðin ekki í sér leiðbeiningar framleiðanda heldur áskilur aðeins að farið skuli að þeim. Ákvæði leiguskiðmála X um að leigutaka beri að kynna sér rétta notkun og meðferð þess búnaðar sem hann hefur á leigu uppfyllir heldur ekki framangreindan áskilnað, enda ekki um leiðbeiningar sem slíkar að ræða. Þá getur slíkt ákvæði ekki leyst X sem leigir út m.a. röraverkpalla í atvinnuskyni, undan skýrum lagaáskilnaði um að leiðbeiningar fylgi með við leiguna. Verður þess utan að taka undir með M varðandi það að það er alls óvíst hvort Y hafi verið kynntir títtnefndir skilmálar, en þrátt fyrir áskilnað í skilmálunum þess efnis liggur ekkert fyrir um það að fulltrúi Y hafi kynnt sér skilmálana og samþykkt þá með undirritun sinni. Fellst nefndin á það með M að ætla megir að umræddar leiðbeiningar hefðu m.a. fjallað um stöðugleika umrædds röraverkpalls og nauðsyn festinga væri pallurinn yfir tiltekinni hæð.

Af 1. sbr. 3., mgr. 29. gr. laga nr. 46/1980 leiðir einnig að við leigu á búnaði sem ætlaður er við atvinnurekstur, ber leigusala að tryggja að sá búnaður sem um ræðir sé útbúinn með tilskildum öryggisbúnaði þegar hann er afhentur til notkunar. Verður að telja að festibúnaður röraverkpalls sé slíkur öryggisbúnaður. Þrátt fyrir að umræddur verkpallur sé leigður út í einingum og leigutaki sjái sjálfur um uppsetningu hans verður að ætla að starfsmaður X hafi fengið upplýsingar um hæð þess palls sem Y óskaði eftir að leigja í einingum enda hafi hann útbúið reikning og væntanlega einhvers konar tínsluseðil, þar að lútandi. Þar með hafi borið að tryggja að viðhlítandi öryggisbúnaður fylgdi með við leigu á honum. Ágreiningslaust er að það var ekki gert, og verður staðhæfing V um að ekkert liggi fyrir um annað en að M hafi verið boðinn öryggisbúnaður til leigu, ekki talin leiða til þess að framangreindur áskilnaður teljist uppfylltur. Er þá einnig litið til þess að engin sjálfstæð yfirlýsing X eða einstakra starfsmanna þess liggur fyrir, né neinar skráðar verklagsreglur X um verkferla við útleigu búnaðar. Í

ljósi þeirrar skýru lagaskyldu sem hvílir á X um að tryggja að umræddur búnaður fylgi við leigu verður að telja rétt að X beri hallann af hugsanlegum vafa um sönnun þessa.

Er það álit nefndarinnar að framangreind vanræksla X á því að láta í té leiðbeiningar og tilskildan öryggisbúnað hafi verið meðorsök þess að M varð fyrir líkamstjóni.

Verður þó jafnframt að taka til athugunar hvort háttsemi M sjálfs eigi að leiða til þess að hann beri meðábyrgð vegna líkamstjóns síns. Verður við mat á því að líta til þess að M er eigandi fyrirtækis sem selur iðnaðarþjónustu, m.a. húsamálun, sem ætla má að geti farið fram í töluverðri hæð. Verður þá að telja að M hafi mátt gera sér grein fyrir því að pallur af þeirri hæð sem um ræðir, en samkvæmt því sem fram kemur í málskoti var hann 6,5 metrar, þyrfti einhvers stuðnings við. Má einnig ætla að í ljósi starfa M megi honum vera kunnugt um ákvæði reglugerðar um röraverkpalla þar sem m.a. kemur fram hver hámarkshæð óstudds röraverkpalls megi vera, en ágreiningslaust er að hæð hins títtnefnda palls var umfram þau mörk. Að mati nefndarinnar er því rétt að M beri helming tjóns síns sjálfur.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V sem nemur helmingi heildartjóns hans.

Reykjavík, 20. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir